

# RAFRÆNT HÆFNIMAT Á ÍSLENSKU

## INNLEIÐING

Verkefnið hlaut styrk úr Fræðslusjóði árið 2021 sem nýsköpunar- og þróunarverkefni

**FRÆÐSLUAÐILI:** SÍMEY

**ÁÆTLUÐ LOK VERKEFNIS:** 16/4/2022

**FORGANGSSVIÐ:** ÞRÓUN STARFSTENGDS TUNGUMÁLASTUÐNINGS Í FRAMHALDSFRÆÐSLU

---

## HEITI VERKEFNIS OG NAFN STYRKÞEGA

Rafrænt hæfnimat í íslensku – innleiðing. SÍMEY – Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar.

---

## UM VERKEFNIÐ

Sótt er um styrk til innleiðingar rafræns hæfnimats í íslensku með kynningarfundum og vinnustofum með Studieskolen og fræðsluaðilum á Íslandi sem vilja nýta hæfnimatið. Einnig er sótt um styrk til að þýða leiðbeiningar og sjálfsmat á pólsku og hefja endurskoðun á skipulagi námskeiða í íslensku í samhengi við evrópska tungumálarammann.

---

## MARKMIÐ VERKEFNIS

- Að innleiða rafrænt hæfnimat í íslensku.
- Valdefling innflytjenda, virkja verkfæri sem gerir þeim kleyft að meta eigin stöðu í tungumálinu og velja námskeið út frá því.
- Að þýða leiðbeiningar og sjálfsmat yfir á pólsku.
- Að hefja endurskipulagningu námskeiða í íslensku í samhengi við evrópska tungumálarammann.

---

## HVERJIR ERU HELSTU SAMSTARFSAÐILAR?

Verkefnið er unnið í samstarfi við Studieskolen sem mun sjá um sérfræðiráðgjöf í verkefninu. Símenntunarmiðstöðvum um land allt verður einnig boðið að taka þátt.

---

## HVER ER HELSTI ÁVINNINGUR AF VERKEFNINU FYRIR MARKHÓP FRAMHALDSFRÆÐSLUNNAR?

Innflytjendur eru innbyrðis mjög ólíkur hópur. Stór hluti hans fellur þó undir ramma laga um framhaldfræðslu og fellur efling kennslu í íslensku sem annars máls mjög vel að markmiðum laganna. Námskeiðin eru tækifæri fyrir einstaklinga til að auka tækifæri sín til virkrar þátttöku í samfélaginu og efla starfshæfni.

---

## HVERJAR VERÐA LOKAUFURÐIR VERKEFNISINS?

Lokaafurð verkefnisins er í sjálfu sér ekki áþreifanleg. En það sem stefnt er að er samræmd notkun símenntunarmiðstöðva á rafræna hæfnimatinu. Einnig upphaf að meiri samhæfingu í uppbyggingu íslenskunámskeiða hjá símenntunarmiðstöðvum.

